



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. desember 2004

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum, nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, 351. mál.


Í þessu stjórnarfrumvarpi eru lagðar til veigamiklar breytingar á lögnum um tekju- og eignarskatt sem skipta má í fimm þætti. Í fyrsta lagi er lagt til að frá 1.1. 2005 lækki tekjuskattshlutfall einstaklinga um 1%. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs minnki um 4 milljarða króna á næsta ári vegna þessa. Auk þess er lagt til að frá 1.1. 2006 lækki skatthlutfallið frekar, eða um 1%, og aftur um 2% frá og með 1. janúar 2007. Lækkar því tekjuskattshlutfall um 4% samtals skv. frumvarpinu. Í öðru lagi er persónuafsláttur hækkaður um 3% frá 1.1.2005, um 2,5% þann 1.1. 2006 og um 2,25% þann 1.1.2007. Sama hækkun gangi yfir viðmiðunarfjárhæðir laganna, s.s. sjómannaafslátt, barnabætur, barnabótaauka og vaxtabætur. Í þriðja lagi er lagt til að ótekjutengdar barnabætur hækki samtals um 50% til viðbótar í tveimur jöfnum áföngum árin 2006 og 2007. Þá eru tekjutengdar barnabætur hækkaðar um 10% til viðbótar hækkunum þeim sem að framan greinir. Viðmiðunarmörk vegna tekjutengdra barnabóta eiga að hækka um 50% árið 2005. Loks er lagt til að skerðingarhlutföll tekna lækki úr 3% með fyrsta barni, 7% með tveimur börnum og 9% með þremur eða fleiri í 2%, 6% og 8% í sömu röð og komi sú breyting til framkvæmda árið 2007. Í fjórða lagi er lagt til að eignarskattur bæði einstaklinga og lögaðila falli niður frá og með 31. desember 2005. Við þá breytingu munu tekjur ríkissjóðs lækka um 3,7 milljarða kr. á ári. Í fimmta lagi er gerð tillaga um breytingu á ákvæðum laganna um vaxtabætur. Í fyrsta lagi að hlutfall vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum lækki úr 5,5% í 5% árið 2006. Í öðru lagi verði ákvarðaðar vaxtabætur 95% af útreiknuðum vaxtabótum árið 2005.

Samtök atvinnulífsins telja afar jákvætt að fella niður eignarskatt, bæði á einstaklingum og fyrirtækjum, en niðurfelling skattsins á fyrirtæki hefur verið meðal helstu baráttumála samtakanna í skattamálum, enda þekkest þessi skattur óvída og bitnar þ.a.l. á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Þá er lækkun tekjuskattshlutfalls á tekjur launamanna afar jákvætt skref fyrir vinnumarkaðinn sem stuðlar að auknu vinnuframboði og minni skattsvikum.

Skattalækkanir þessar koma til framkvæmda á sama tíma og þörf er á virkri eftirspurnarstjórn af hálfu ríkisins til að draga úr einkaneyslu og ofþenslu í efnahagslífi og á vinnumarkaði. Það er því afar brýnt að fjármálastjórn verði styrk á næstu árum og markmið fjárlaga 2005 gangi eftir um minnkandi hlut samneyslu og mjög hóflegar launahækkunar hjá hinu opinbera.

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is